

## Fundargerð stjórnar BÍS 23/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 30. nóvember 2011 kl. 17:30

### Mættir:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Fjarverandi:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi.

### Gestir:

Hrólfur Jónsson, mótsstjóri, Dagmar Ýr Ólafsdóttir, dagskrárstjóri og Elsí Rós Helgadóttir, verkefnastjóri LM-2012.

### Dagskrá:

1. Setning: HGH setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, formanns dagskráráðs, gögn frá framkvæmdastjórafundum Evrópu og starfsyfirlit mótsstjórnar: Lágu frammi.
4. Landsmót skáta 2012: Gestir frá LM-21012 kynntu stöðu undirbúnings. Undirbúningur dagskrár og tæknimála lengra kominn en oft áður. Skráningar teknar að berast bæði frá innlendum og erlendum þátttakendum. Skráningarfrestur rennur út 1.febrúar og þarf að setja kraft í kynningar í skátafélögum í janúar.
5. Heimsókn frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Heimsóknin frestast vegna veikinda Erlendar Kristjánssonar, deildarstjóra Íþróttá og æskulýðsdeildar ráðuneytisins.
6. Nýr starfsgrunnur
  - a. Útgáfa: Verkefnabók dróttskáta er tilbúin til prentunar. Foringjahandbók fálkaskátaforingja er langt komin í umbroti. Leikjabók er í yfirllestri. Lengra er í að verkefnabók fálkaskáta verði tilbúin.
  - b. Staðan: Svæðisforingjar funduðu í síðustu viku. Þeir hafa haft samband við sín félög og verið vel tekið. Flest félög eru að undirbúa að byrja innleiðingu í byrjun næsta árs. ÓP, JIB og IAK fóru á fund unglingsdeildaráðs Slysavarnafélagsins Landsbjargar á föstudaginn. Það er mikill áhugi á efni Skátaaðferðarinnar í þessum hópi.
7. Beiðni Ríkisendurskoðunar um úttekt á starfssemi æskulýðsfélaga: Ríkisendurskoðun hefur verið falið að gera úttekt á ráðstöfun opinberra styrkja hjá BÍS, KFUM-K og UMFÍ. HS mun annast samskipti við Ríkisendurskoðun.
8. Gistináttgjald: Um áramót taka gildi lög um gistináttgjald. Við fyrstu sýn virðast löggin ekki snerta gistingar skáta í skátaskálum.
9. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.
10. Önnur mál:
  - a. Vinnufundur vegna starfsáætlunar: Stefnt er að fundi um málið 8. des. kl. 20:00. Á fundinum verður fjallað um:
    - i. Áherslur í stefnunni
    - ii. Uppbygging skrifstofu
  - b. Bland í poka: Rætt um markmið og kostnað.
  - c. Málþing um sjálfboðaliða: Almannaheill og Fræðasetur þriðja geirans halda málþing 1.des. ÓP er einn frummælenda.

11. Umræðuefni: Úlfljótsvatn: Skógræktarfélagið býður lán til 5 ára með Seðlabankavöxtum og með veði í landinu. Samþykkt að gera SSR tvö tilboð, annars vegar að BÍS kaupi eitt hlut skáta, hins vegar að BÍS og SSR kaupi til helminga hlut skáta en BÍS fái forkaupsrétt á hlut SSR og hvor aðili um sig fjármagni sinn hluta. Stjórn BÍS hafnar hugmyndum um kaup landsins á vegum Úlfljótsvatnsráðs eða í nafni einkahlutafélags um reksturinn.

Fleira ekki rætt,

Fundi slitið kl. 19:50 en þá hófst fundur með stjórn SSR og Úlfljótsvatnsráði um stefnumörkun Úlfljótsvatns.

Fundargerð ritaði JA.